

Sveitarfélagið Hornafjarður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 27. maí 2024
UST202404-174/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 og nýtt deiliskipulag - Skaftafell III-IV

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 og nýju deiliskipulagi fyrir Skaftafell III-IV.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilmálar breytast á svæði VÞ44 sem nær bæði til Skaftafells III og IV. Auk þess kemur fram að byggingarheimildir skv. aðalskipulagi eru fullnýttar á Skaftafelli III og breytingin felur í sér að skilmálar breytast þannig að sambærileg uppbygging geti einnig átt sér stað á landi Skaftafells IV og verður því um tvöföldun á uppbyggingu að ræða.

Fjöldi ferðamanna

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, ásamt umfangi göngustíga.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur